

Alþingi
Erindi nr. P 140/284
komudagur 21.11.2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

HJÚKRUNARFRÆÐI

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 147. mál.

Umsagnaraðili:

Prófessor Guðrún Kristjánsdóttir, deildarforseti fyrir hönd Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands.

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands er önnur tveggja háskóladeilda sem brautskráir hjúkrunarfræðinga á Íslandi. Nám til BS gráðu í hjúkrunarfræði veitir viðkomandi rétt til að sækja um leyfi til að stunda hjúkrun á Íslandi og þar með í mörgum Evrópuríkjum og ýmsum öðrum ríkjum heims.

Hjúkrunarlög hafa verið í gildi um árabíl og skapað umgjörð sem veitir aðhald í veitingu leyfa til að bera ábyrgð á hjúkrun landsmanna, en hjúkrun er önnur af tveimur megin faggreinum heilbrigðisþjónustunnar. Mikilvægt er því að ný lög um heilbrigðisstarfsmenn tryggji að slík umgjörð sé áfram skýr í lögum og reglugerðir hafi af þeim stuðning m.a. til að auka öryggi sjúklinga og að þeir sem beri hjúkrunarleyfi beri ábyrgð á framkvæmd hjúkrunarþjónustunnar (sjá athugasemdir við 13. grein). Rannsóknir undanfarinna ára í hjúkrun og á öryggi í heilbrigðisþjónustu hafa sýnt að mikilvægt er að fagleg þekking í hjúkrun sé grundvöllur uppbyggingar og framkvæmdar hjúkrunar. Lögum er ætlað að skapa nauðsynlegan stöðugleika um þjónustu byggða á fagþekkingu. Ekki má opna það svigrúm í stjórnsýslu eða á markaði sem dregur úr faglegum kröfum til þeirra sem leiða hjúkrunarþjónustu.

Því leggur Hjúkrunarfræðideild til eftirfarnadi:

1. Í 11. grein II. kafla verði bætt við eftirfarandi (feitlettraður texti til samræmis við og í anda 16. gr. III. kafla):
*“Landlæknir má ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa a.m.k. 2/3 hlutum fullgilds náms í læknisfræði, **3/4 hlutum fullgilds náms í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði** tímabundið starfsleyfi til að sinna tilteknum störfum í heilbrigðisþjónustu þar sem menntun viðkomandi nýtist, enda uppfyllir umsækjandi önnur skilyrði laga þessara. ...”*
2. Reynslan sýnir okkur að mikilvægt sé í lögum að tryggja faglega forystu í hjúkrunarþjónustu en hún er umfangsmikill hluti heilbrigðisþjónustunnar og hefur þannig líkt og lækningar sérstöðu í því að gæta öryggis sjúklinga.

Því leggur Hjúkrunarfræðideild HÍ til að við 13. grein III. kafla verði bætt eftirfarandi texta (Sjá feitlettraðan viðbótartexta):

*“... Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með. **Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrunargreiningu og hjúkrun sjúklinga eða þeirra sem til hans leita og hann hefur umsjón með. Óheimilt er að ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, í heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn bera, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til þeirra leita. ...”***

Hjúkrunarfræðideild telur mikilvægt að í lögum um heilbrigðisstéttir sé sérstaklega kveðið á um ábyrgðarskyldu í hjúkrunarþjónustu. Tryggt sé að ábyrgðin hvíli á þeim sem hefur fullnægjandi faglega þekkingu á hjúkrunarfræði og geti þannig borið ábyrgð á öryggi og gæðum í hjúkrunarþjónustu þar sem hún er í boði. Því er mikilvægt innlegg í lögum að gætt sé að faglegri samkvæmni í gæðum heilbrigðisþjónustu með skýrari hætti gagnvart hjúkrunarþjónustu sérstaklega.

- við 16. grein III. kafla verði bætt við texta (til samræmis við og í anda 25. gr. III. kafla):

“Um nemendur sem sinna störfum í heilbrigðisþjónustu gildi sömu reglur um ábyrgðar- og vátryggingar og annars starfsfólks í heilbrigðisþjónustu viðkomandi greina.”

- við 33. grein IV. kafla verði bætt við ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um áframhaldandi gildi ákvæða eldri laga þar til nýjar reglugerðir hafi verið samþykktar um viðkomandi heilbrigðisstarfsmenn. Sjá feitlettraðan viðbótartexta.

*“Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög, með síðari breytingum:
... 1. ... 15... .*

Ákvæði laga 1.-15. um viðkomandi starfstéttir halda þó gildi sínu þar til reglugerðir um viðkomandi starfstéttir leysa þær af hólmi.”

Þetta er talið mikilvægt til að skapa ekki réttaróvissu um þá þætti í starfskyldum og ábyrgð viðkomandi stétta gagnvart skjólstæðingum og skuldbindingum í alþjóðlegu samhengi sem nýja löggjöfin tekur ekki til en mun verða fjallað um í komandi reglugerðum.

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Dr. Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor
Deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands